

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis,
skrifstofa Alþingis, nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 13. desember 2012

Málefni: Frumvarp til stjórnarskipunarlaga, 415. mál á 141. löggjafarþingi:
Umsögn. Málsmeðferð.

SaNS, Samtök um nýja stjórnarskrá, telja brýnt að frumvarp Alþingis víki ekki efnislega frá frumvarpi stjórnlagaráðs, nema að því leyti sem aukafundur ráðsins í mars 2012 gaf kost á. Gæta þarf þess að greinargerð ráðsins haldi sér einnig efnislega. Með öðrum orðum, þá ættu þær breytingar einar („lagatæknilegar“) að vera gerðar á frumvarpinu sem rúmast innan umboðs sérfræðinganevndarinnar líkt og lagt var upp með. Þannig ætti frumvarp að stjórnskipunarlögum að líta út þegar það kemur til annarrar umræðu.

Rökin fyrir þessu eru eftirfarandi:

Alþingi spurði og fékk afgerandi svör. Kjósendur samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október, með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða, að frumvarp stjórnlagaráðs yrði grundvöllur nýrrar stjórnarskrár. Vilji kjósenda er skýr. Sama er að segja um þau fimm atriði önnur sem spurt var um sérstaklega, einnig hvað þau varðar liggur fyrir skýr vilji kjósenda.

Alþingi ber, eins og ávallt hingað til, að fara að eindregnum vilja kjósenda eins og hann kemur fram í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þingið hefur aldrei gengið gegn niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu og látið 48. gr. stjórnarskrárinnar vega þyngra en fram kominn vilja kjósenda. Enda eru þjóðaratkvæðagreiðslur sem Alþingi ákveður aðeins ráðgefandi formsins vegna.

Því má svo bæta við, að Alþingi fól almennum borgurum, þjóðfundi, stjórnlaganefnd og síðar þjóðkjörnu stjórnlagabingi, stjórnlagaráði, að endurskoða núgildandi stjórnarskrá. Sú endurskoðun fór fram með óvanalega opnum og lýðræðislegum hætti, þannig að vakið hefur aðdáun víða um heim. Þeim mun brýnna er að að vilji almennings sé virtur og að frumvarpið sem samþykkt var af yfirgnæfandi meiri hluta kjósenda 20. október verði það frumvarp sem lagt verður fram til annarrar umræðu strax og Alþingi kemur saman eftir áramót.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar SaNS, Samtaka um nýja stjórnarskrá,


Hjörtur Hjartarson
(kt. 2307603309)